

## Stjórnarfundur 27. nóvember 2018

Mættir: Hjörtur Bergstað, Maríanna Gunnarsdóttir, Sigurbjörn Þórmundsson, Svaðar Magnússon, Þórir Örn Grétarsson og Heiðrún Sigurðardóttir

*Málefni tekin fyrir:*

### 1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerðir stjórnarfunda dags. 29. október, 5. og 21. nóvember sl. bornar upp og þær samþykktar samhljóða.

### 2. Ráðning nýs framkvæmdastjóra

Búið er að tilkynna öllum umsækjendum niðurstöðurnar. Nýr framkvæmdastjóri, Einar Gíslason, mun koma í byrjun desember og fylgja Tóta í 2 vikur. Hann mun svo hefja formlega störf í byrjun janúar 2019.

### 3. Uppskeruhátíð Fáks

Enn rætt um uppskeruhátíð og framtíð hennar. Ákvörðun tekin um að búa til nýjan viðburð og halda veglega uppskeruhátíð og árshátíð félagsins þann 9. febrúar nk. Tóti mun ræða við æskulýðsnefndina um hvernig þau vilja hafa þetta varðandi uppskeruhátíð æskunnar.

### 4. Yfídráttarheimild

Stjórnin hefur undirritað beiðni um yfídráttarheimild upp á 10 milljónir kr fyrir Fák, vegna reikninga fyrir framkvæmdum á félagssvæðinu sem fást ekki greiddir hjá Reykjavíkurborg fyrr en eftir áramót.

### 5. Íslandsmót fullorðinna og yngri flokka 2019

Fákur, ásamt öðrum hestamannafélögum á suðvesturhorninu, sótti um á nýliðnu landsþingi LH að halda Íslandsmót á félagssvæði Fáks árið 2019. Stjórn LH er ekki búin að taka umsóknina fyrir á fundi og þar af leiðandi liggar ekki fyrir samþykki. Hins vegar þarf að mynda undirbúningsnefnd sem fyrst með fulltrúum allra félaganna sem standa að umsókninni. Tóti og Bjössi ræða við mótanefnd um fulltrúa Fáks.

### 6. Stórsýning Fáks

Nefndin sem skipuð hefur verið utan um stórsýningu Fáks 2019 leggur til að stórsýningin ná yfir heila helgi, frá föstudeginum 29. mars til sunnudags 31. mars. Sýningin sjálf yrði á laugardeginum en á sunnudeginum færí fram sölusýning ásamt viðburðum tengdum nýliðun í hestamennsku. Athuga þarf hvort reiðhöllin sé laus alla umrædda daga.

### 7. Stigagjöf vegna verðlauna fyrir keppnisárangur

Eins og forskriftin er núna er vægi ekki jafnt á öllum keppnisgreinum. Ákvörðun tekin um að jafna vægið á öllum greinum. 5 efstu sætin í úrslitum á þeim mótum sem teljast til verðlaunanna telja. Knapar sem koma tveimur eða fleiri hrossum í úrslit fá bara stig fyrir þann hest sem þeir ríða í úrslitum.

*Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið.*

*Fundargerð ritaði Heiðrún Sig.*

*H. Sig. H. S.*